

## FYLGISEÐILL

### 1. HEITI DÝRALYFS

Chanazine 10%, vet.  
Stungulyf, lausn.  
Lyfið er ætlað hestum.

### 2. VIRKT INNIHALDSEFNI OG ÖNNUR INNIHALDSEFNI

1 ml inniheldur virka efnið xýlasín basa 100 mg, og hjálparefnin methýl hýdroxýbenzóat 1,8 mg og própýl hýdroxýbenzóat 0,2 mg.

### 3. HEITI OG HEIMILISFANG HANDHAFA MARKAÐSLEYFIS OG ÞESS FRAMLEIÐANDA SEM BER ÁBYRGÐ Á LOKASAMÞYKKT INNAN EES, EF ANNAR

Handhafi markaðsleyfis:  
Chanelle Pharmaceuticals Manufacturing Ltd.  
Loughrea, Co.  
Galway  
Ireland

Framleiðandi:  
Chanelle Pharmaceuticals Manufacturing Limited  
Loughrea, Co. Galway  
Írland

### 4. DÝRATEGUND

Hestar.

### 5. ÁBENDINGAR

Chanazine 10%, vet. er róandi lyf með verkjastillandi og vöðvaslakandi verkun fyrir hesta. Lyfið má nota t.a.m. í eftirtöldum tilfellum:

- 1) Þegar fengist er við óróleg dýr t.d. fyrir ferðalög
- 2) Læknisrannsókn t.d. röntgenmyndataka, fjarlæging sáraumbúða; skoðun á spenum, getnaðarlim og munnholi.
- 3) Undirbúningsmeðferð fyrir minniháttar skurðaðgerðir og stað- og svæðisbundna deyfingu.
- 4) Fjarlæging saurs vegna skoðunar og meðhöndlunar á leggöngum, legi og afturhluta dýrsins.

### 6. SKAMMTAR FYRIR HVERJA DÝRATEGUND

Chanazine 10%, vet. er gefið í vöðva eða æð. Inndæling í æð á að vera hæg og taka u.þ.b. eina til tvær mínútur. Stærð skammta fer eftir hversu mikilli róandi verkun þarf að ná og hvernig dýrið bregst við lyfinu. Chanazine 10%, vet. er gefið í æð í skammtinum 0,5-1 ml/100 kg líkamsþunga (0,5-1 mg/kg) eða í vöðva í skammtinum 1-2 ml/100 kg

líkamsþunga (1-2 mg/kg). Yfirleitt leggjast dýr ekki eftir gjöf með Chanazine 10%, vet. en fá mismikla róandi og verkjadyfandi verkun. Áhrifin koma yfirleitt í ljós innan 10-15 mínútna eftir gjöf í vöðva og innan 5 mínútna eftir gjöf í æð. Skammtaháð ástand sem líkist svefni varir yfirleitt í 1-2 klukkustundir, en verkjadyfing varir í 15-30 mínútur. Gefa má Chanazine 10%, vet. sem undirbúningslyf fyrir svæfingu með barbitúrötum eða fyrir stað- eða svæðisdeyfingu. Þegar lyfið er notað sem undirbúningslyf verður að minnka skammt barbitúrat svæfingarlyfsins niður í ¼ eða ½ af venjulegum skammti.

Taugaveiklaðir eða órólegir hestar geta þurft stærri skammta. Eldri hestar og þeir sem hafa verið undir miklu líkamlegu álagi fyrir meðferðina þurfa minnsta skammtinn.

## **7. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐIR**

Chanazine 10%, vet. er gefið í vöðva eða í æð.

## **8. LEIÐBEININGAR UM RÉTTA LYFJAGJÖF**

Dýralæknir ákveður skammta sem henta sérstaklega. Innþæling í æð á að vera hæg og taka u.þ.b. eina til tvær mínútur.

## **9. FRÁBENDINGAR**

Ekki má gefa lyfið í hálsslagæð.

Ekki ætti að gefa Chanazine 10%, vet. síðasta mánuð meðgöngu vegna hættu á fyrirburafæðingu. Þar sem ekki hefur verið sýnt fram á með nýjustu aðferðum, hvort öruggt sé að nota xyíasín meðan á líffæramyndun stendur, verður að gæta ýtrustu varúðar við notkun þess fyrstu mánuði meðgöngu.

Gæta skal varúðar þegar lyfið er gefið dýrum sem eru undir miklu álagi, eins og í mjög miklum hita, kulda, í mikilli hæð eða eru mjög þreytt.

## **10. AUKAVERKANIR**

Hægur hjartsláttur, hjartsláttartruflanir og aukin þvagmyndun geta komið fyrir hjá hestum. Skammvinn hækkun og síðan lækkun blóðþrýstings kemur yfirleitt fram hjá hestum sem fá lyfið í æð.

## **11. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU**

Sláturafurðir: 5 sólarhringar

## **12. GEYMSLUSKILYRÐI**

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Má ekki frjósa.

Geymist á þurrum stað við < 25°C.

Geymist í 3 ár.

Geymist í 6 mánuði eftir opnun.

Ekki má nota dýralyfið eftir fyrningardagsetningu á flösku.

### **13. SÉRSTÖK VARNADARORÐ**

Örvandi lyf minnka og stytta róandi verkun lyfsins.

Chanazine 10%, vet. örvar  $\alpha_2$  viðtaka. Ef sá sem gefur lyfið sprautar sjálfan sig með lyfinu fyrir slysi, skal tafarlaust leita ráðgjafar læknis.

$\alpha_2$  hemlar eins og atipamezól verka vel gegn róandi verkun og öðrum lífeðlisfræðilegum áhrifum xýlasíns.

Ekki er mælt með að blanda xýlasíni saman við önnur lyf í sömu sprautu.

Forðist öll óhreinindi meðan á notkun stendur

Ef lausnin verður gruggug eða mislit skal henni fargað.

### **14. SÉRSTAKAR VARÚÐARREGLUR VEGNA FÖRGUNAR ÓNOTAÐRA DÝRALYFJA EÐA ÚRGANGS, EF VIÐ Á**

Farga skal öllum ónotuðum dýralyfjum eða úrgangi vegna dýralyfja í samræmi við gildandi reglur

### **15. AÐRAR UPPLÝSINGAR**

Ef óskað er upplýsinga um þetta dýralyf vinsamlega hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa á hverjum stað.

#### **Ísland**

Icepharma hf.

Lynghálsi 13

110 Reykjavík

Tel: 540 8000

### **16. DAGSETNING SÍÐUSTU ENDURSKOÐUNAR FYLGISEÐILSINS**

20. desember 2010.